

Miðvikudaginn 11. mars 1987.

Nr. 138/1986.

Örn Jónsson

(Örn Höskuldsson hdl.)

gegn

Dælubílum sf.

og gagnsök

(Jóhann Þórðarson hdl.)

Skaðabótamál. Endurgreiðsla. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. mars s.á. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1986. Krefst hann þess að aðaláfrýjandi greiði sér 987.083,89 krónur með 32% ársvöxtum frá 24. nóvember 1983 til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu 16. nóvember 1984, en síðan með hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru á hverjum tíma til greiðsludags. Þá er þess krafist að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða vexti af dæmdum vöxtum sem leggjast skulu við höfuðstól um hver áramót, í fyrsta sinn um áramótin 1984-1985, þar til greitt er. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Með tilvísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að hvor aðili beri að hálfu ábyrgð á tjóni Egils Stefássonar. — Egill kaus á sínum tíma að stefna gagnáfrýjanda til greiðslu slysabóta, og greiddi gagnáfrýjandi honum 987.083,89 krónur að meðtöldum vöxtum og málskostnaði. Full efni voru til þess að taka til varna í máli því sem Egill höfðaði, og verður ekki talið að málatilbúnaður gagnáfrýjanda í því hafi verið til þess fallinn

að auka kostnað aðaláfrýjanda, þegar til þess máls kom, sem nú er dæmt. Verður aðaláfrýjanda því gert að greiða gagnáfrýjanda helming málskostnaðarins í hinu fyrra máli.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda 493.541,95 krónur.

Gagnáfrýjandi greiddi Agli Stefánssyni 24. nóvember 1983 skuld eftir dómi í máli þeirra. Verða honum dæmdir vextir frá þeim degi, enda deila málsaðilar ekki um upphafsdag vaxtatímans. Um vextina gilda reglur um dráttarvexti í auglýsingum Seðlabanka Íslands, sem birtust 21. nóvember 1983, 21. desember s.á. og 21. janúar 1984, sbr. lið IV. 2.b í auglýsingum þessum, svo og lög um dómvexti nr. 56/1979. Verður vaxtakrafa gagnáfrýjanda því tekin til greina að því er vaxtafót varðar fram að birtingardegi stefnu, en eftir það verða þeir tilgreindir sem dómvextir. Rétt er og að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um vaxtavexti af dómvöxtum, en ekki er lagaheimild til að dæma vaxtavexti að öðru leyti.

Halldór Þorbjörnsson hæstaréttardómari tekur fram að hann greiði atkvæði með því er að ofan segir um vaxtavexti með tilliti til fordæmisreglu sem mótuð hafi verið með dómi í hæstaréttarmálinu nr. 23/1986, uppkveðnum í dag.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000,00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Örn Jónsson, greiði gagnáfrýjanda Dælubílum sf., 493.541,95 krónur með 32% ársvöxtum frá 24. nóvember 1983 til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 16. nóvember 1984 en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Dómvextir skulu lagðir við höfuðstól um hver áramót, í fyrsta sinn 31. desember 1984.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 150.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Í máli því sem Egill Stefánsson höfðaði á hendur gagnáfrýjanda til heimtu skaðabóta vegna slyss þess sem hann varð fyrir hinn 20. nóvember 1979 stefndi hann ekki aðaláfrýjanda, Erni Jónssyni, til réttargæslu og ekki tilkynnti gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda þá málsókn skv. 52. gr. laga nr. 85/1936.

Ég tel fébótaábyrgð sem þar var lögð á gagnáfrýjanda byggða á sjálfstæðri ábyrgð hans sem vinnuveitanda á tjóni Egils Stefánssonar vegna skorts á viðhlítandi verkstjórn á vinnustað sem Egill var sendur til að vinna á. Ég tel aðaláfrýjanda óbundinn af niðurstöðu dóms í því máli.

Í máli því sem hér er til úrlausnar krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um fjárhæðir þær sem honum var gert að greiða Agli Stefánssyni auk vaxta af þeim svo og málskostnað.

Ég er sammála niðurstöðu héraðsdóms um skiptingu ábyrgðar á tjóni Egils Stefánssonar milli aðila og tel, með vísan til þess sem að framan er rakið, að aðaláfrýjandi verði ekki dæmdur til að greiða málskostnað í hinu fyrra máli.

Samkvæmt þessu tel ég að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þó þannig að vaxtavextir verði reiknaðir af dómvöxtum svo sem í dómsatkvæði meirihluta dómara segir með tilliti til fordæmisreglu sem mótuð hefur verið með dómi í hæstaréttarmálinu nr. 23/1986 uppkveðnum í dag. Þá tel ég að dæma beri aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 85.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. nóvember 1985.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. f.m., hefur fyrirtækið Dælubílar sf., Hléskógum 1, Reykjavík, nnr. 1644-9075, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 16. nóvember 1984 á hendur Erni Jónssyni húsmíðameistara, Grjótaseli 1, Reykjavík, nnr. 9918-5759, til endurgreiðslu á kr. 987.083,89 með 32% ársvöxtum frá 24. nóvember 1983 til 21. desember sama ár, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 16. nóvember 1984 og „síðan með hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir skv. lögum á hverjum tíma til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ. Þá er og þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða

vexti af dæmdum vöxtum, sem leggjast skulu við höfuðstól um hver áramót í fyrsta sinn áramótin 1984/1985 þar til greitt verður. Vaxtafótur skal vera sá sami og að framan greinir.“

Stefndi krefst aðallega sýknu, til vara að honum verði aðeins gert að greiða hluta af hinni umstefndu fjárhæð og til þrautavara að kröfufjárhæð stefnanda verði lækkuð verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta ásamt meðdómendunum Gunnari Torfasyni byggingaverkfræðingi og Sæbirni Kristjánssyni tæknifræðingi.

II.

Þriðjudaginn 20. nóvember 1979 varð vinnuslys við einbýlishúsið nr. 1 við Grjótasel í Reykjavík. Starfsmaður stefnanda Egill Stefánsson, Fannarfelli 10, Reykjavík, vann nefndan dag við dælingu á steinsteypu í steypumót nefnds húss. Til verksins var notuð sérstök bifreið, R-64440, sem var eign stefnanda. Bifreiðin var útbúin með gálga og dælu. Frá dælnni lá slanga um gálgann, sem var áfastur bifreiðinni. Rann steypa um slönguna í mótin. Stjórnandi bifreiðarinnar og yfirmaður Egils var Guðmundur Benediktsson, einn af eigendum stefnanda. Egill og Guðmundur unnu við tæki dælubifreiðarinnar. Var Guðmundur við bifreiðina og stjórnaði dælnni. Egill var hins vegar uppi á vinnupalli, sem gerður var úr borðum (1“ x 6“), sem negld voru ofan á þaksperrurnar, innan við útveggjamótin. Lágu borðin samhliða útveggjamótunum. Egill hafði í höndum sérstakt tæki (stjórnborð) til þess að stjórna hreyfingum gálgans og til þess að gefa stjórnanda dælnnar merki um það hvenær hefja skyldi dælingu steinsteypunnar og hvenær stöðva hana. Við slönguendann var eigandi hússins, stefndi í máli þessu, en hann er húsasmíðameistari. Beindi hann slönguendanum þangað sem steypa átti að renna í mótin. Egill hefur haldið því fram að um kl. 17 umræddan dag hafi myndast stífla í slöngunni. Stefndi hafi þá reynt að losa um stífluna og er það tókst hafi komið slinkur á hana. Stefndi hafi þá misst tökin á slöngunni og hafi hún slegist í Egil með þeim afleiðingum að hann kastaðist út fyrir steypumótin og féll til jarðar 3,5-4 metra.

Við læknisrannsókn kom í ljós að Egill hafði hálsbrotnað og var lamaður frá hálsi og niður í tær. Samkvæmt örorkumati Björns Ónundarsonar tryggingayfirlæknis, dagsettu 18. júlí 1980, var Egill talinn 100% öryrki frá slysdegi.

Egill höfðaði dómsmál á hendur stefnanda, Dælubílum sf., og til réttargæslu gegn Almennum Tryggingum hf. Dómur var kveðinn upp í málinu á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 2. mars 1982. Í þessu dómsmáli sundurliðaði Egill Stefánsson kröfu sína þannig:

1. Örorkubætur	kr. 1.000.000,00
2. Miskabætur	— 80.000,00
3. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum, fyrir heimilis- röskun og sérstaka umönnun og útgjöld í því sam- bandi	— 150.000,00
4. Bætur vegna kostnaðar við eignarhald og rekstur bifreiðar og vegna útgjalda, sem gagngert tengjast því að stefnandi verður bundinn við hjólastól alla ævi	— 50.000,00
5. Fatatjón	— 1.500,00
6. Örorkuútreikningur	— 1.100,00

Dómur var kveðinn upp í málinu á bæjarþingi Reykjavíkur 2. mars 1982 af settum borgardómara og tveimur sérfróðum meðdómendum. Í III.kafla dómsins segir svo:

„Í gögnum málsins kemur fram, að aðstæður á vinnustað voru þær, að stefnandi stóð uppi á vinnupalli sem myndaður var úr þremur borðum, og var hvert borð 1“ x 6“. Vinnupallurinn var uppi á 2. hæð eða þaki hússins og var aðeins halli á þakinu. Engin handrið voru á vinnupallinum. Verður því að telja, að öryggisbúnaði á vinnustað hafi verið verulega ábótavant, og hefur ekki verið gætt ákvæða í reglugerð nr. 204 frá 1972 um öryggisráðstafanir við byggingavinnu, 8. gr. c, 1. og 2. mgr., 9. gr., 12. gr. 6. og 7.mgr., 13. gr., 14. gr. og 17. gr. 1. mgr. Það má telja yfirgnæfandi líkur á því að afleiðingar slyssins hefðu orðið mun minni en raun varð á, ef þessara reglna hefði verið gætt, og ber stefndi Dælubílar sf., sem vinnuveitandi stefnanda, ábyrgð á því gagnvart honum.

Þá ber að líta á það hvort stefnandi kunni sjálfur að bera einhverja ábyrgð á tjóni sínu. Stefndi heldur því m.a. fram, að stefnandi hafi staðið óþarflega nærri slöngunni og þannig tekið á sig áhættu umfram nauðsyn. Þegar slysið varð var veður slæmt, hvasst og úrkoma. Farið var að skyggja og eina vinnuljósið kom frá götustaur rétt við bygginguna. Það er álit dómsins að ekkert það hafi komið fram í málinu, sem bendi til þess, að stefnandi hafi staðið nær slöngunni en tilefni gaf til miðað við framangreindar aðstæður. Verður því ekki fallist á þessa málsástæðu stefnda. Þá er ósannað, að stefnandi hefði getað komið í veg fyrir slysið með því að gefa merki um að dælingu skyldi hætt. Við mat á ábyrgð stefnanda ber og að hafa í huga, að stefnandi var lítt vanur í starfi, en hann hafði aðeins unnið hjá stefnda í u.þ.b. 1½ mánuð, þegar slysið varð.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykir ósannað, að stefnandi hafi tekið á sig óþarfa áhættu, sem hann beri ábyrgð á. Það er því niðurstaða dómsins, að stefndi Dælubílar sf. beri óskipta ábyrgð á tjóni stefnanda.

Verður nú fjallað um bótafjárhæðina:

Um lið 1. Þegar tjón skv. þessum lið er metið þykir rétt að leggja til grundvallar örorkutjónsútreikning Jóns E. Þorlákssonar, tryggingingafræðings, dags. 27. janúar 1982, kr. 561.400,00, þegar frá hafa verið dregnar örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins og tekjutrygging. Frá þessari fjárhæð dragast ennfremur bætur úr samningsbundinni slysaftryggingu kr. 158.462,80 og greidd laun eftir slysið kr. 10.101,10. Með hliðsjón af þeirri málsástæðu stefndu, að lækka beri kröfu stefnanda skv. þessum lið vegna skattfrelsis bótanna og eingreiðsluhagræðis, svo og vegna greiðslu barnalífeyris, þykir þessi liður hæfilega ákveðinn kr. 260.000,00.

Um lið 2, 3 og 4. Rétt þykir að taka þessa liði saman, þar sem þeir fela allir í sér kröfu um miskabætur. Þessum liðum hefur stefndi öllum mótmælt sem of háum. Þegar virt eru meiðsli stefnanda og sjúkrasaga, sem og varanleg áhrif slyssins á heimilishagi stefnanda og fjölskyldu hans, þykja bætur samkvæmt þessum liðum hæfilega ákveðnar kr. 200.000,00.

Um lið 5. Þessum lið hefur ekki verið andmælt tölulega og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um lið 6. Þessum lið hefur ekki verið andmælt tölulega og verður hann því tekinn til greina að fullu, en kostnaður þessi telst til málskostnaðar.

Samtals er óbætt tjón stefnanda skv. framansögðu kr. 461.500,00. Vaxta-kröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt sérstaklega og dæmast því vextir eins og krafist er af dæmdri fjárhæð.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 51.100,00.“

Stefnandi, Dælubílar sf., vildi ekki una dómi þessum og skaut málinu til Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar, sem var uppkveðinn 13. október 1983, segir m.a. svo:

„Atvikum að slysi því, er stefndi varð fyrir 20. nóvember 1979, er lýst í héraðsdómi. Þar er og lýst umbúnaði á vinnustað. Þykir með skírskotun til forsendna héraðsdóms mega staðfesta, að áfrýjandi sem vinnuveitandi stefnda beri gagnvart honum ábyrgð á afleiðingum slyssins. Þá ber og að fallast á það með héraðsdómi, að ekkert það sé fram komið í málinu, er bendi til, að stefndi eigi að einhverju leyti sök á tjóni sínu. Ber samkvæmt þessu að leggja bóta-ábyrgðina óskipt á áfrýjanda.

Í héraðsdómi eru rakin þau gögn, sem fram hafa verið lögð í málinu um örorku stefnda ásamt áætlunum tryggingafræðings um tjón hans af völdum örorkunnar.

Samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis, sem eigi hefur verið véfengt, er örorka stefnda af völdum slyssins 100% varanleg örorka.

Stefndi er 100% öryrki vegna slyssins 20. nóvember 1979. Eru ekki efni

til að lækka fébætur þær, sem héraðsdómur ákvað, en af hálfu stefnda hefur málinu ekki verið gagnáfrýjað. Verður héraðsdómur því staðfestur, en til frádráttar koma þær greiðslur, sem Almennar Tryggingar hf. greiddu eftir uppsögu dómsins í samræmi við kröfur stefnda fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Dælubílar sf., greiði stefnda, Agli Stefánssyni, 361.500,00 krónur með 31% ársvöxtum frá 20. nóvember 1979 til 31. maí 1980, 35% ársvöxtum frá 1. júní 1980 til 2. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu þessa dóms og síðan til greiðsludags með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma.

Áfrýjandi greiði 56.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti,

Stefnandi, Dælubílar sf., greiddi Agli Stefánssyni dómskulдина hinn 24. nóvember 1983, og var hún sundurliðuð þannig:

Höfuðstóll	361.500,00
Vextir	560.535,89
Málskostnaður	65.000,00
Dómsendurrit	48,00
	987.083,89

III.

Stefnandi styður kröfur sínar á hendur stefnda fyrst og fremst þeim rökum, að öryggisráðstöfunum á vinnustaðnum hafi verið verulega ábótavant. Á þeim mistökum beri stefndi ábyrgð, bæði sem eigandi og byggingameistari hússins. Auk þess viðurkenni stefndi að hann hafi rætt við múrara-meistara hússins áður en steypuvinnan hófst og hafi orðið að samkomulagi með þeim að stefndi skyldi sjá um niðurlagningu steypunnar. Stefndi beri því einnig ábyrgð á allri framkvæmd við niðurlagningu steypunnar.

Stefnandi leggur áherslu á að engin handrið hafi verið á vinnupallinum. Á því beri stefndi ábyrgð. Hann hafi einnig borið ábyrgð á lýsingu og öðrum vinnuáðstæðum. Þáttur stefnanda hafi aðeins verið að koma með umræddan dælubil á staðinn og dæla steypu í mótin, en stefndi hafi sjálfur pantað steypuna.

Stefnandi telur ósannað að tréborðin í vinnupallinum hafi verið fleiri en 3. Það skipti þó ekki neinu höfuðmáli, hvort þau voru 5 eða 6, þar sem hinn slasaði féll út af vinnupallinum. Ef handrið hefði hins vegar verið á

vinnupallinum þá hefði ekkert slys orðið. Stefnandi andmælir því, að erfitt hafi verið að koma fyrir handriði á vinnupallinn. Hefur stefnandi bent á ýmsar leiðir í því efni.

Stefnandi telur að í áðurgreindum héraðsdómi og dómi Hæstaréttar komi skýrlega fram að hinn slasaði, Egill Stefánsson, hafi ekki átt sök á slysinu. Þá beri á það að líta að stefndi hafi kallað á Egil sér til aðstoðar þegar slangan stíflaðist og þar með sett hann í hættu, en Egill hafi áður verið á öruggum stað. Stefnandi telur því að ekki eigi að skipta sök í máli þessu.

Þá mótmælir stefnandi lækkunarástæðum stefnda. Til rökstuðning máli sínu vitnar stefnandi einkum til V. kafla laga nr. 54 frá 16. maí 1978, VI. kafla reglugerðar nr. 292 frá 16. maí 1979 einkum 4.2., 4.4.1., 4.5., og 4.7. Þá skirskotar stefnandi til 5. gr., 13. gr. og 14. gr. laga nr. 23 frá 1. febrúar 1952 er í gildi voru, er slysið varð, og reglugerðar nr. 204 frá 20. júlí 1972 einkum 8. gr. C, 9. gr., 12. gr. 6.7. mgr. og síðan 13. gr., 14. gr. og 17. gr.

IV.

Af hálfu stefnda er á það bent, að milli stefnda „og tjónþolans, Egils Stefánssonar, var ekkert réttarsamband. Tjónþoli var í vinnusambandi við stefnanda og af þeim sökum bar stefnandi ábyrgð gagnvart starfsmanni sínum. Stefnandi var sjálfstæður framkvæmdaaðili í þjónustu stefnda og af þeim sökum ber stefndi eigi ábyrgð á tjóni sem hlýst vegna atvika er varða einungis hinn sjálfstæða framkvæmdaaðila. Eins og dskj. nr. 10 ber með sér var öryggisumbúnaður við húsbygginguna að Grjótaseli 1 á allan hátt fullnægjandi af hálfu stefnda. En svo sem það dómskjal ber með sér er eigi unnt að setja upp handrið við þær aðstæður er voru fyrir hendi er slysið varð, þar sem notkun slíkra handriða má telja næstum óframkvæmanlega, þegar steipt er í vegg, eins og segir í dómskjalinu. Þegar af þessari ástæðu var eigi unnt að fullnægja hinum tilgreindu ákvæðum reglugerðar nr. 204/1972, þar sem eigi hefði verið unnt að framkvæma hið tiltekna verk við þær aðstæður. Af þeim sökum hefur aldrei tíðkast við húsbyggingar að setja upp handrið við þessar aðstæður og fullnægja með því umræddu ákvæði reglugerðar nr. 204/1972. Sú venja hefur því myndast í starfsgrein þessari að framkvæma dælingu í steypumót við þær aðstæður er fyrir hendi voru á slysstað. Þegar af þessari ástæðu var öryggisumbúnaður við húsbygginguna að Grjótaseli 1 með öllu forsvaranlegur. Framangreint er í samræmi við álit Guðmundar Benediktssonar, en hann lýsti því yfir að aðstæður á vinnustað hefðu verið með öllu venjulegar. M.ö.o. hann sá ekki ástæðu til að krefjast frekari öryggisráðstafana til handa sér eða starfsmannai sínum við framkvæmd verksins. Í þessu sambandi ber að athuga að hann og hinn slasaði voru u.þ.b. 2 klukkutíma á byggingarstaðnum aðgerðarlausir áður en dæling hófst, og verður að telja það nægilegan tíma til þess að kynna sér aðstæður. — Þá ber einnig að athuga í

Þessu sambandi að eftir að slysið var orðið, gerði Guðmundur Benediktsson engar athugasemdir við öryggisútbúnaðinn, áður en hann tók til við það, sem hinn slasaði hafði áður framkvæmt. Hafi verið um að ræða ónógan öryggisútbúnað á slysstað, svo sem stefnandi vill halda fram, þá er ljóst að Guðmundur Benediktsson gerði sig sekan um vítavert athafnaleysi með því að fara ekki fram á aukinn öryggisútbúnað við húsbygginguna áður en hann sendi starfsmann sinn til vinnu.“

Því er haldið fram af hálfu stefnda að slysið eigi fyrst og fremst orsakir sínar að rekja til skorts á leiðbeiningar- og eftirlitsskyldu af hálfu Guðmundar Benediktssonar. En hann hafi haft með höndum verkstjórn yfir hinum slasaða á slysstaðnum. Svo sem sjáist af gögnum málsins leiðbeindi hann eigi hinum slasaða um réttar aðferðir við stjórnun gálkans og slöngunnar, né hafði nægilegt eftirlit með framkvæmd þess verks, en röng meðferð hins slasaða á gálkanum verði að telja eina aðalorsök slyssins. Í því sambandi beri að hafa í huga að Guðmundur Benediktsson viðhafði önnur vinnubrögð við stýringu slöngunnar þegar hann tók við verki hins slasaða.

Stefndi heldur því fram að það sem fyrst og fremst hafi valdið slysinu hafi verið slinkurinn sem kom á slönguna er stíflan brast. En það að slangan skyldi stíflast verði fyrst og fremst rakið til mistaka starfsmanna stefnanda við meðferð og stjórn dælingarinnar svo og ófullnægjandi tækjabúnaðar. Við framkvæmd og stjórn dælingar, sem hér var um að ræða, verði að viðhafa sérstaka aðgát, þar sem smávægilegustu mistök geti orsakað verulega hættu fyrir nærstadda.

Stefndi heldur því fram að jafnvel þótt sá öryggisbúnaður, sem krafist er í reglugerð nr. 204/1972, hefði verið fyrir hendi hefði slysið eigi verið umflúið þar sem aðeins sé krafist handriðs eins metra á hæð. Slíkt handrið hefði eigi verið nein fyrirstaða vegna þess ógnarkrafts sem leystist úr læðingi er stíflan í slöngunni brast.

Samkvæmt framansögðu telur stefndi að sýkna beri hann af öllum kröfum stefnanda.

Verði sýknukrafa hans ekki tekin til greina krefst hann þess að aðeins hluti sakar verði á hann lagður.

Verði niðurstaða dómsins sú að hann beri fulla ábyrgð á slysinu krefst stefndi þess að bótafjárhæð verði lækkuð verulega á grundvelli lögjöfnunar frá 25. gr. laga nr. 20/1954 og 73. gr. laga nr. 40/1968, svo og 49. gr. laga nr. 66/1963, 2. mgr. 51. gr. laga nr. 67/1963 og 136. gr. laga nr. 34/1964. En í greindum lagaákvæðum sé að finna heimildir til lækkunar bótafjárhæða í ýmsum tilfellum, m.a. á grundvelli sakarstigs og efnahags.

Stefndi kveðst vera fyrirvinna 5 manna fjölskyldu og efnahagur hans sé eigi slíkur að hann geti staðið undir bótakröfu sem þessari án þess að bíða verulega röskun af.

Stefndi heldur því fram að hann hafi ekki átt kost á að vátryggja sig gegn slíku tjóni, sem hér var um að ræða. Það hafi stefnandi getað gert, en ábyrgðartrygging hans hafi reynst vera allt of lág.

Þá telur stefndi að stefnandi hafi notið skattaívilnana með því að greiða skaðabæturnar og beri að taka tillit til þess.

Stefndi hefur sérstaklega mótmælt því, að honum sé skylt að greiða kr. 65.000,00, sem stefnandi var dæmdur til að greiða í Hæstarétti. Þá mótmælir stefndi vaxtakröfu stefnanda sem of hárrí.

V.

Hinir sérfróðu meðdómsmenn taka fram að flestar steypur í húsbyggingum á höfuðborgarsvæðinu flokkist nú annars vegar undir svokallaðar dælusteypur og hins vegar undir svonefndar kranasteypur. Á þeim tíma, sem slysið varð, hafi mjög fáir dælubílar verið í notkun, varla fleiri en einn til þrír. Á þessum tíma hafi slönguendar alfarið verið úr gúmmiefni. Á slöngunum hafi því stundum myndast brot við vissar aðstæður. Hafi það þá stundum leitt til þess að slangan stíflaðist, en slíkar stíflur hafi verið til mikilla óþæginda og stundum getað verið hættulegar. Til þess að ráða bót á þessu og auka öryggi við dælusteypur hafi íslenskir dælubílaeigendur nú útbúið slöngur sinna bíla með s-löguðum millistykkjum úr stáli (oft á tveimur stöðum á slöngunni). Hafi þetta í fyrsta lagi minnkað fallhraða steypunnar í lóðréttu falli og dregið úr aðskilnaði hennar og í öðru lagi útilokað að brot gætu myndast á fremsta hluta slöngunnar.

Samkvæmt gögnum málsins virðist ljóst, að gálgin á dælubilnum hafi verið fullreistur miðað við stöðu bílsins við húsið, þegar steypunni var dælt í mótin í nefnt sinn. Lausi endi slöngunnar var hins vegar svo neðarlega, þegar dæling hófst að hann lagðist niður á mótin með þeim afleiðingum, að stífla myndaðist í fremsta hluta slöngunnar.

Verkstjóra stefnanda á staðnum bar að sjá til þess að staðsetning dælubíleiddarinnar og afstaða gálga og slöngu væri á hverjum tíma með þeim hætti að steypan gæti runnið með eðlilegum hætti úr slöngunni í mótin. Þetta vanrækti hann með þeim afleiðingum að Egill Stefánsson, sem stjórnaði hreyfingum gálgans, gat ekki haft fulla stjórn á afstöðu slönguendans til mótanna. En verkstjórinn hefði getað bætt úr þessu með því að færa bifreiðina úr stað. Með hliðsjón af því að hér var um að ræða tiltölulega nýja steyputækni bar verkstjóranum eins og á stóð að gæta sérstakrar varúðar við framkvæmd verksins.

Þegar stíflan myndaðist í slöngunni kallaði stefndi á Egil sér til aðstoðar. Egill, sem aðeins hafði starfað skamman tíma hjá stefnanda, virðist ekki hafa gert sér grein fyrir þeirri hættu sem hann setti sig í þegar hann ætlaði að taka á slöngunni með stefnda, en það að slöngunni hallaði frá honum kann að hafa villt honum sýn.

Telja verður að stefnandi beri ábyrgð á framangreindum mistökum verkstjóra

síns og að stefnandi hafi ekki sannað að verkstjórinn hafi brýnt nægjanlega fyrir Agli og stefnda hversu stífla í slöngunni gæti verið hættuleg.

Í áðurgreindum dómi í máli Egils Stefánssonar og stefnanda er því lýst á hvern hátt öryggisbúnaði á vinnustaðnum að því er varðar vinnupalla var ábótavant. Þeim dómi hefur ekki verið hnekkst og verður hann að því er varðar aðstæður á vinnustaðnum lagður til grundvallar. Á þeim mistökum ber stefndi ábyrgð gagnvart stefnanda eins og hér stendur á, en stefndi var húsasmíðameistari hússins og hafði tekið að sér að taka við steypunni f.h. múrarmeistara hússins.

Þegar það er virt sem nú hefur verið rakið og önnur þau atriði sem hér skipta máli þykir rétt að skipta sök á milli aðila málsins þann veg að hvor aðili beri að hálfu ábyrgð á tjóni því sem Egill Stefánsson varð fyrir.

Kröfufjárhæðin, kr. 987.083,89, hefur ekki sætt sérstökum andmælum af hálfu stefnda að öðru leyti en því, að stefndi telur sér óskýlt að greiða stefnanda málskostnað kr. 65.000,00, sem stefnandi var dæmdur til að greiða fyrir Hæstarétti. Er á það fallist með stefnda.

Samkvæmt ofanskráðu ber stefnda að greiða stefnanda helminginn af kr. 922.083,89 ($987.083,89 \div 65.000,00$), eða alls kr. 461.041,94, enda verður að líta svo á að stefndi hafi ekki sannað að þær lækunarástæður, sem hann hefur að öðru leyti haft uppi í málinu, eigi við rök að styðjast. Þá er ekki á það fallist með stefnda að stefnandi hafi verið svo sjálfstæður framkvæmdaaðili í þjónustu stefnda að stefndi sé undanþeginn ábyrgð á tjóninu af þeim ástæðum.

Vaxtakrafa stefnanda verður tekin til greina eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 60.000,00.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Örn Jónsson, greiði stefnanda, Dælubílum sf., kr. 461.041,94 með 27% ársvöxtum frá 24. nóvember 1983 til 21. desember s.á., með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985 og með 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 60.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.